

# STARFSLEYFI

## fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð Skaftárhrepps á Kirkjubæjarklaustri

*Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðhöndlun og brennslu á flokkuðum úrgangi frá Skaftárhreppi á athafnasvæði brennslustöðvar Skaftárhrepps á Kirkjubæjarklaustri, samtals allt að 500 tonnum á ári eins hér segir og nánar er kveðið á um í starfsleyfi þessu:

1. brennslu heimilis- og rekstrarúrgangs í brennslustöð Skaftárhrepps
2. móttöku spilliefna sem til falla í Skaftárhreppi við brennslustöð Skaftárhrepps

Skaftárhreppur er hér eftir nefndur rekstraraðili.

- 1.2. Rekstur fyrirtækisins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og gildandi reglugerðir.
- 1.3. Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði, þ.m.t. af völdum meindýra.
- 1.4. Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi rekstraraðila út í umhverfið, skal hann sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Verði mengun af rekstri umfram mörk, sbr. greinar í 4. kafla, ber að stöðva þá mengun.
- 1.5. Um notkun og meðferð hættulegra efna fer samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna.
- 1.6. Um meðferð og frágang olíutanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 1.7. Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangsefna skulu hafa öll tilskilin leyfi.
- 1.8. Rekstraraðili skal veita Hollustuvernd ríkisins upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Hollustuvernd ríkisins metur upplýsingarnar innan 4 vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi og skal rekstraraðili þá leggja fram umsókn þess efnis til Hollustuverndar ríkisins.

- 1.9 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. mars ár hvert, samantekt fyrir síðasta almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Suðurlands með eftirfarandi upplýsingum:
- yfirlit um sýnatökur og mælingar á mengunarefnum í útblæstri brennslustöðvarinnar
  - niðurstöður mælinganna
  - magn og tegundir úrgangs sem berast brennslustöð Skaftárhrepps
  - magn ösku og gjalls sem fargað er á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi
  - magn og tegundir úrgangsefna sem fargað er á öðrum athafnasvæðum rekstraraðila en brennslustöðinni eða fara til endurnýtingar önnur en brennslu í brennslustöð Skaftárhrepps

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 1.10 Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá fyrirtækinu, og tryggja að hávaði sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 933/1999, um hávaða.
- 1.11 Einu sinni á ári boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa Skaftárhrepps og fulltrúa Heilbrigðisnefndar Suðurlands á samráðsfund. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telji ástæðu til að ræða. Hollustuvernd ríkisins getur þó boðað til samráðsfundar með lengra eða styttra millibili, telji stofnunin ástæðu til.
- 1.12 Beita skal góðum starfsháttum við rekstur stöðvarinnar. Það felur í sér m.a.:
- a) orka skal vel nýtt,
  - b) dregið skal með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.
  - c) gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
- 1.13 Með eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi rekstraraðila í brennslustöðinni eða á urðunarstaðnum lýkur skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, eða annara laga og reglugerða, þegar það á við, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Hætti rekstraraðili rekstur brennslustöðvarinnar á gildistíma starfsleyfis þessa skal hann ganga frá lóð, efnum, tækjum og búnaði sem tengjast starfseminni í samræmi við kröfur Hollustuverndar ríkisins. Sama gildir er gildistíma starfsleyfisins lýkur, verði það ekki framlengt eða það fellt úr gildi.

## **2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR OG SPILLIEFNI**

- 2.1 Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna og þá sérstaklega ákvæða reglugerðar nr. 609/1996 um endurnýtingu umbúðaúrgangs og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, skal rekstraraðili leggja fram áætlun um hvernig staðið verður að þessum markmiðum. Áætlun þessi skal birt ekki síðar en ári eftir útgáfu starfsleyfis þessa.
- 2.2 Rekstraraðili skal tryggja það að úrgangsefni fari í viðeigandi endurnýtingarfarveg ef kostur er. Undir endurvinnanlegan úrgang fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast, brotamálmur, spilliefni og önnur hættuleg efni.

- 2.3 Rekstraraðili skal upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna, þ.m.t. spilliefni og hættuleg efni sbr. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- 2.4 Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er brennsla þeirra óheimil. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til brennslu. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast brennslustöðinni. Honum er heimilt að krefja úrgangshafa um að leggja fram gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði brenndur.

### 3. AÐBÚNAÐ Á BRENNSLUSTÖÐ

- 3.1 Brennslustöðin skal starfrækja þannig að hún valdi ekki ónæði eða óþrifnaði. Reka skal brennslustöðina samkvæmt ákvæðum reglugerða nr. 808/1999 um sorpbrennslustöðvar sem og annara viðeigandi reglugerða á hverjum tíma.
- 3.2 Úrgangur skal flokkaður í stöðinni fyrir endurnýtingu og endurvinnslu eftir því sem kostur er hverju sinni og förgunarmöguleikar krefjast. Óheimilt er að taka á móti geislavirkum úrgangi og sprengiefnum.
- 3.3 Hindra skal umferð manna og skepna á lóð brennslustöðvarinnar. Hlið skulu vera læst utan afgreiðslutíma. Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en þeirra sem starfa á vegum rekstraraðila og eftirlitsaðila
- 3.4 Á svæðum þar sem spilliefnum eru móttækin skal vera steipt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olúskiljur. Olúskiljubúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins. Stærð og gerð olúskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum.
- 3.5 Áætlun um viðbrögð við óhöppum sem kunna að verða skal ætíð vera tiltæk.
- 3.6 Jafnan skulu vera til reiðu búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að leka út eða misfarast, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum.
- 3.7 Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki. Spilliefni skulu send til förgunar eða endurvinnslu við fyrsta hentuga tækifæri.
- 3.8 Rekstraraðili skal halda rekstrardagbók þar sem m.a. kemur fram meðhöndlun daglegs úrgangsmagns og -tegundar, bilanir á brennslustöðinni og/eða stöðvun hennar, óhöpp svo sem ófyrirséð mengun eða losun spilliefna og slys á fólki o. fl. Skráðar upplýsingarnar skulu jafnan vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila. Upplýsingarnar skulu flokkaðar í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Rekstraraðili skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Suðurlands ef verulegir erfiðleikar koma upp við rekstur, t.d. vegna bruna, náttúruhamfara eða alvarlegra óhappa. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma hennar, ef þörf krefur.
- 3.9 Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum búnaði brennslustöðvarinnar. Beita skal bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina brennslustöðvarinnar.
- 3.10 Reykur úr brennslustöðinni skal leiddur út um reykhláf sem skal vera minnst 1,5 \* hæð á hæstu nærliggjandi byggingum og útblásturshraði í reykhláf skal vera minnst 20 m/s.

- 3.11 Við gangsetningu brennslustöðvarinnar skal einungis nota eldsneyti sem samsvarar hreinu gasolíu, sbr. reglugerð nr. 784/2001 um fljótandi eldsneyti.
- 3.12 Á hverri vinnuvakt á athafnasvæðum rekstraraðila skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum stöðvarinnar. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

#### 4. MENGUNARMÆLINGAR OG EFTIRLIT

- 4.1 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi heilbrigðisnefndar, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2 Eftirfarandi losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eiga við um stöðina, miðað við brennslu < 1 tonn á klst., og stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýsingur 101,3 kPa, 11% O<sub>2</sub> eða 9% CO<sub>2</sub> sem þurr gas:

Efni	Losunarmörk
Ryk	150 mg/Nm <sup>3</sup>
Kolmónoxíð (CO)	100 mg/ Nm <sup>3</sup>
Vetnisklórið (HCl)	100 mg/Nm <sup>3</sup>
Heildarmagn lífræns kolefnis TOC	20 mg/ Nm <sup>3</sup>
Díoxín/furön	0,1 ng/ Nm <sup>3</sup>
<b>Þungmálmar í ryki:</b>	
Kadmíum (Cd) og kvikasilfur (Hg), summa	0,5 mg/Nm <sup>3</sup>
Blý (Pb), króm (Cr), kopar (Cu) og vanadíum (V)- summa	5 mg/Nm <sup>3</sup>
Nikkel (Ni) og Arsen (As), summa	1 mg/Nm <sup>3</sup>

- 4.3 Aska, gjall og leðja frá brennslustöðinni skulu endurnýtt, eftir því sem unnt er, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi. Ef styrkur eftirfarandi málma í ösku eða gjalli fer yfir tilgreind mörk: blý (Pb) 500 mg/kg þurrvigt, kadmíum (Cd) 15 mg/kg þurrvigt og kvikasilfur (Hg) 10 mg/kg þurrvigt skal eftirlitsaðili meta hvort þörf er á sérstökum aðgerðum vegna förgunar ösku og/eða gjalls.
- 4.4 Á 12 mánaða fresti skal mæla:
- eftirfarandi mengunarefni í útblæstri, sbr grein 4.2: ryk, kolmónoxíð (CO), köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), vetnisklórið (HCl), flúorklórið (HF) og heildarmagn lífræns kolefnis (TOC).
  - eftirfarandi þungmálma í ryki frá brennslustöðinni, sbr grein 4.2: kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), blý (Pb), kopar (Cu) og vanadíum (V).
  - eftirfarandi þungmálma í ösku/gjalli frá brennslustöðinni: kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg) og blý (Pb).

Einu sinni á gildistíma starfsleyfis þessa þó ekki seinna en á þriðja árinu skal mæla til viðbótar eftirfarandi efni í ryki úr skorsteini og í ösku frá brennslustöðinni: arsen (As) og nikkell (Ni).

Díoxín og furön skal mæla í samráði við eftirlitsaðila.

- 4.5 Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna. Beita skal viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Efnagreiningar skulu framkvæmdar af viðurkenndum aðila.
- 4.6 Eftirlitsaðili getur krafist eða heimilað, eftir því sem við á mengunarmælingar eða efnagreiningar með lengra eða styttra millibili, telji hann ástæðu til.

## 5 GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í þriðju gjaldskrárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu.

Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins, sem ráðherra setur, skv. reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit. Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta er gefið út á brennslustöð Skaftárhrepps, kennitala 480690-2069 og öðlast gildi við að tilkynning um útgáfu þess er birt í B-deild Stjórnartíðinda og gildir það til 10 ára.

Reykjavík 12. 12. 2002

## Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnarsvið

Davíð Egilson,  
Forstjóri

Helgi Jensson,  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs